

### Markmið

Öryggi og vellíðan í vatni, þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hlut í kafi. Skriðsund fótatak, baksund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak. Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalds.

### Kennsluaðferðir/vinnulag

Kennsluaðferðir/vinnulag Sundkennsla fer fram með og án áhalds. Sundkennsla fer fram í formi leikja, sýnikennslu, stýrikennslu, tækniæfinga, sundþjálfunar og frjálsum leik. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni. Lögð er áhersla á að nemendur fylgi eftir reglum sundstaða.

### Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum.  
Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá

### Námshgögn

Nemendur mæti með sundföt og sundgleraugu.  
Hringir, korkar, blöðkur, kútar, svamp núðlur.

### Markmið

Að nemendur

- skilji einfalt mál
- tali einfalt mál
- geti lesið og skrifað einfaldan texta
- öðlist áhuga á tungumálinu
- læri að glósa

### Kennsluaðferðir/vinnulag

Ein kennslustund á viku. Nemendur fást við ýmis skrifleg og munnleg verkefni sem og hlustunarverkefni sem bæði eru unnin í einstaklingsvinnu og hópavinnu.

### Námsmat

Vinnubækur, styttri námsmatsverkefni og virkni í kennslustundum.

### Námsgögn

Notast er við bækurnar Yes, we can 4, ljósrituð hefti, kennsluöpp í ipad, ásamt ýmsum þematengdum verkefnum.



**Langholtsskóli**

*Virðing, velliðan, skapandi skólastarfi*

Kennsluáætlun 2024-2025

Kennari: Jóhanna Björk Halldórsdóttir

Bekkur: 4. bekkur

#### Markmið:

Í heimilisfræði fá nemendur fræðslu um hollustu og heilnæma matargerð. Einnig gefst nemendum tækifæri til að þjálfa upp hæfni við meðhöndklun hráefna með tilliti til aldurs og getu. Áhersla er lögð á að nemendur fái að kynnast efni sem tengist inn á næringarfræði, matargerð og hreinlæti.

#### Kennsluaðferðir / vinnulag:

Í öllum tímum er lögð áhersla á samvinnu, hreinlæti og almennt góð vinnubrögð. Áhersla er lögð á að nemendur læri að þekkja og meðhöndla þau hráefni sem unnið er með í tímum auk þess að temja sér góð vinnubrögð við verklega þættir kennslustundar.

#### Námsmat:

Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Unnið er út frá tilteknum flokkum viðmiða úr Aðalnámskrá sem höfð er til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. Námsmatið er gert jafnt og þétt yfir kennslutímabilið og eru skráð með hæfnitáknum í Mentor.

#### Námsgögn:

Heimilisfræði 4. áhöld, búnaður og hráefni í kennslueldhúsi auk verkefna og myndefnis sem tengjast námsefninu.



**Markmið:**

**Að nemandi:**

- Kynnist núvitund og slökun
- Kynnist styrkleikum sínum og sjálfsmynd
- Tjái sig á skapandi hátt í verkefnavinnu
- Taki virkan þátt

**Kennsluaðferðir/vinnulag:**

Einstaklingsvinna, skapandi vinna, hugleiðsla, öndunar- og slökunaræfingar.

**Námsmat:**

Hæfni metin eftir hverja lotu.

**Námsgögn:**

Hugarfrelsi, hugleiðslusögur, vinna í forritum í spjaldtölvu, ýmsar tegundir lita (neo litir, þekjulitir ofl.), garn og ýmis verkefni útbúin af kennara.

### Markmið

- Að nemendur geti lesið sér til skilnings og ánægju
- Að nemendur geti dregið rétt til starfs og skrifað læsilega
- Að nemendur geti fundið samheiti og andheiti
- Að nemendur þekki nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- Að nemendur þekki einfaldar stafsetningarreglur og nýti þær í daglegu lífi
- Að nemendur þekki reglur um uppbyggingu texta og geti samið texta frá eigin brjósti

### Kennsluaðferðir/vinnulag

Fimm til sjö kennslustundir í viku. Lestrarstundir, fjölbreyttar kennsluaðferðir, hringekja, innlögn, upprifjun, nemendur vinna sjálfstætt, í paravinnu og í hópum, þjálfunaræfingar.

### Námsgögn

Lesrún 2, Ritrún 3, ljósrituð hefti, Vefurinn hennar Karlottu, lestrarbækur að eigin vali, Skrift 2-5, bókasafnarinn, gagnvirk verkefni og ýmis ljósrituð verkefni.

### Markmið

Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.

Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.

### Kennsluaðferðir/vinnulag

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurteknar æfingar, leikir, stöðvapþjálfun, þrautabrautir, hópvinna.

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi Langholtsskóla.

Útitímabil er í byrjun hausts og lok vors.

Kennt er tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn.

Kynntar eru ýmsar íþróttagreinar, reglur og fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni.

### Námsmat

Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá.

Einkunn er gefin eftir frammistöðu, virkni og þátttöku þar sem merkin eru frammúrskarandi (blátt), markmiðum náð (grænt), þarfnast þjálfunar (gult) og markmiði ekki náð (rautt).

Frammistaða í stöðluðum prófum er grunnur einkunnar, en virkni í tímum er einnig metin.

Stöðluð próf: þolpróf, stökkpróf, sippupróf, kastpróf, hlaupapróf og styrktarpróf

### Námsgögn

Nemendur mæti í íþróttafötum og íþróttaskóm í kennslustundir.

Áhöld í íþróttasal: Minni áhöld: boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur, baunapokar, körfuboltar, fótboltar, handboltar, skotboltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar.

Stærri áhöld: kubbar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet, grindur (fyrir grindahlaup), hástökk uppistöður og rá, langstökkspilanki, gervigrasvöllur, körfuspjald, grasvöllur.

Námshættir: Myndmennt  
Kennarateymi: Magnús Dagur

### Markmið

Lögð er áhersla á skapandi hugsun og valdeflandi kennsluhætti í þeirri von að nemendur öðlist aukna trú á eigin getu í skapandi vinnu. Nemendur nýta aðferðir í myndlist til að fara nýjar leiðir og brjóta upp hefðbundin mynstur til að skapa eitthvað nýtt. Þannig vonast kennarar eftir því að efla sjálfstraup nemenda.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

Myndmennt er kennd í 12- 14 nemenda hópum 2x2 kennslustundir á viku hluta af skólaárinu. Einnig er einn hópur hálf t skólaárið einu sinni í viku. Reynt er að valdefla nemendur í sköpun og virkja þeirra eigin hugmyndarflug.

### Námsmat:

Námsmat byggir á vinnu í tímum og úrslausn úr þeim myndmenntaverkefnum sem lögð eru fyrir og tengjast hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

### Námshöggn:

Námshöggn eru ýmsar bækur ásamt veraldarvef og fjölbreytt tæki og tól sem eru notuð í myndmenntakennslu.



### Markmið

- Að nemendur kynnist himingeimnum, meðal annars jörðinni, tunglinu, sólinni og reikistjörnum í sólkerfinu okkar.
- Að nemendur kynnist hringrásum jarðar
- Að nemendur kynnist þyngdarkrafti og hreyfingu í alheiminum
- Að nemendur kynnist umhverfinu okkar, náttúru og landinu okkar Ísland

### Kennsluaðferðir/vinnulag

Tvær kennslustundir á viku, fjölbreyttar kennsluaðferðir, hópavinna, einstaklingsnám, vinnubókavinna, þemavinna, blandaðir nemendahópar í hringekju, skapandi starf.

### Námsmat

Símat, styttri námsmatsverkefni, vinna og virkni í kennslustundum.

### Námshættir

Halló heimur 3, Komdu og skoðuðu himingeiminn, Komdu og skoðuðu hringrásir, fræðslumyndbönd, ljósrituð blöð og ýmis verkefni.

**Markmið:**

- Að nemendur kynnist hættum í umhverfinu
- Að nemendur efli sjálfsmýnd sína og setja sér og öðrum mörk
- Að nemendur kynnist ólíkum trúarbrögðum
- Að nemendur kynnist nokkrum þáttum fjölskyldulífs fyrri kynslóða og búskaparháttum þeirra
- Að nemendur þjálfist í samskiptum á jafningjagrundvelli
- Að nemendur sýni sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra

**Kennsluaðferðir/vinnulag:**

Tvær kennslustundir á viku, blandaðir hópar í hringekju, fjölbreyttar kennsluaðferðir, hópavinna, einstaklingsnám, vinnubókavinna, vettvangsferðir, þemavinna, bekkjarfundir, kynningar í lpad.

**Námsmat:**

Símat, vinna og virkni í kennslustundum.

**Námsgögn:**

Halló heimur 3, Komdu og skoðu íslenska þjóðhætti, Komdu og skoðu sögu mannkyns, Könnun kortin 2, fræðslumyndbönd, ljósrituð blöð og ýmis verkefni.

### Markmið:

- Að nemendur auki skilning sinn, kunnáttu og færni í stærðfræði og hún nýtist þeim í daglegu lífi.
- Að nemendur þjálfist í flóknari aðgerðum í samlagningu, frádrætti, margföldun, deilingu og öðrum þáttum stærðfræðinnar.

Að nemendur vinni með heilar tölur, námundun, hnitakerfi, tölur stærri en 1000 og minni en 0, samlagningu og frádrátt, tíma og klukku, margföldun og deilingu, samhverfu og mynstur, ummál og flatarmál, mælingar og tugabrot, almenn brot og tölfræði.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

Fimm til sjö kennslustundir í viku. Fjölbreyttar kennsluaðferðir, innlögn, upprifjun, nemendur vinna sjálfstætt, í paravinnu, í Ipad og hringekjum þvert á árganginn.

### Námsmat:

Kannanir í lok hvers kafla, ástundun og virkni í kennslustundum.

### Námsgögn:

Sproti 4a og 4b, nemendabók og æfingahefti, verkefni í Ipad (t.d. Multi og ýmis öpp) ítarefni, ýmsar þrautir og ljósrituð blöð.  
Önnur hjálpgögn, t.d. Numicon, Cuisinare og talnagrindur.